

# Hverjir eru ég?

Ég er sá sem ég er, þú ert sá sem þú ert, hún er sú sem hún er ... en öll eigum við margt sameiginlegt!

<b>Málefni</b>	Jafnrétti kynjanna, mismunun og útlendingahatur, borgaravitund
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 2
<b>Hópstærð</b>	8+
<b>Tími</b>	25 mínútur
<b>Yfirlit</b>	Í þessu verkefni er þátttakendum skipt í spjallhópa, haldnir eru hugarflugsfundir og teiknað og rætt um málefni sem tengjast sjálfsmynd.
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Jöfnuður að virðingu og réttindum.</li> <li>• Rétturinn til að vera ekki mismunað.</li> <li>• Rétturinn til lífs, frelsis og mannhelgi.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að gera sér grein fyrir séreinkennum, bæði eigin og annarra.</li> <li>• Að skilgreina hvað við eigum sameiginlegt með öðrum.</li> <li>• Að stuðla að virðingu og samstöðu.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Pennar og merkipennar í ýmsum litum, hver þátttakandi skal helst hafa sinn lit.</li> <li>• Nægur pappír fyrir alla.</li> <li>• Flettistöflupappír og merkipennar.</li> </ul>

## Leiðbeiningar

1. Láttu þátttakendur hita sig upp með því að spjalla tveir og tveir saman. Þeir eiga að láta sem þeir þekkist ekki og kynna sig hvor fyrir öðrum.
2. Síðan skaltu biðja alla að velta fyrir sér hvað sé áhugavert eða mikilvægt að fá að vita um einhvern sem þeir hitta í fyrsta skipti og nefna í fljótheitum það helsta, svo sem nafn, aldur, kyn, þjóðerni, fjölskyldustöðu, trúarbrögð, aldur, kynhlutverk, starf/nám, tónlistarsmekk, áhugamál, íþróttaiðkun, hvað viðkomandi almennt líkar eða mislíkar o.s.frv.
3. Segðu svo þátttakendum að hver og einn eigi að komast að því hve mikið hann á sameiginlegt með öðrum í hópnum. Láttu þá fá blað og penna og segðu þeim að byrja á því að draga upp mynd af sjálfum sér, hverjir þeir eru. Þeir eiga að ímynda sér að þeir séu stjórnur; það sem einkennir sjálfsmynd þeirra berst út í samfélagið. Segðu þeim að velta fyrir sér hver séu átta til tíu mikilvægustu einkennin í sjálfsmynd þeirra og teikna síðan sína einkastjörnu.
4. Segðu þátttakendum að ganga um og bera stjörnurnar sínar saman. Þegar þeir finna einhvern sem er með eins „geisla“ og þeir, þá eiga þeir að skrifa nafn hans við geislann. (Ef Jón og Pétur eru til dæmis báðir með „rappara-geisla“ eiga þeir að skrifa nafn hvor annars við þann geisla.) Þátttakendur fá fimmtán mínútur í þennan hluta.

**MÁLEFNI**



**JAFNRÉTTI KYNJANNA**



**MISMUNUN**



**BORGARAVITUND**

---

**ÞYNGDARSTIG**



**STIG 2**

---

**HÓPSTÆRÐ**



**8+**

---

**TÍMI**



**25 MÍNÚTUR**

5. Síðan skaltu kalla alla saman og biðja þá að ræða um þau atriði sem einkenndu hvern og einn. Hægt er að spyrja sem svo:
  - Hvaða einkenni eiga þátttakendur sameiginleg og hver þeirra eru einstaklingsbundin?
  - Hve líkir eða ólíkir eru þátttakendur í hópnum? Hvort voru það mörg eða fá einkenni sem þátttakendur áttu sameiginleg?
6. Að síðustu skaltu biðja þátttakendur að nefna í fljótheitum þau atriði í sjálfsmýnd sinni sem þeir völdu sér og þau atriði sem eru þeim meðfædd. Skráðu niðurstöðuna í tvo dálka á flettistöflunni.

### Samantekt og mat

Ræða skal það sem þátttakendur hafa lært um sjálfa sig og aðra, og á hvern hátt það snertir mannréttindi.


- Hvað lærðu þátttakendur um sjálfa sig? Var erfitt að ákveða hvaða atriði í eigin sjálfsmýnd skiptu mestu máli?
- Komu niðurstöður stjörnusamanburðarins þátttakendum á óvart? Áttu þeir meira eða minna sameiginlegt en þeir bjuggust við?
- Hvað fannst þeim um fjölbreytileika hópsins? Fannst þeim hann gera hópinn áhugaverðari en ella eða var erfiðara að vinna saman af þeim sökum?
- Voru einhver atriði í sjálfsmýnd annarra sem þátttakendum fannst þeir verða að bregðast við með orðunum: „Svona er ég ekki.“ Sem dæmi má nefna: ég hef ekki áhuga á fótbolta, teknótónlist, er ekki hrifinn af hundum, er ekki hommi, lesbía eða kristinnar trúar.
- Hvernig verður sjálfsmýnd til? Hvaða atriði eru mótuð af félagslegum aðstæðum og hver erfast og eru óumbreytanleg?
- Ef litið er sérstaklega til kynhlutverks, hvaða atriði eru mótuð af félagslegum aðstæðum og hver erfast og eru óumbreytanleg? Skrifuðu þátttakendur „stelpa“ eða „strákur“? Hvaða hugrenningatengsl vekja orðin „stelpa“ og „strákur“? Eru hugrenningatengslin hin sömu fyrir bæði kyn og alla stráka og allar stelpur?
- Að hve miklu leyti er fólk dæmt út frá sjálfsmýnd sinni, og að hve miklu leyti út frá þeim hópi sem það tilheyrir?
- Hvað finnst þátttakendum um það frelsi sem þeir hafa til að velja sér sjálfsmýnd? Hvaða áhrif hefur slíkt fyrir þá sjálfa og samfélagið, en þó einkum málefni á borð við jafnrétti og virðingu?

### Ábendingar til leiðbeinanda

Það er ekki villa í heiti þessa verkefnis! Því er ætlað að rugla þátttakendur.

Hægt er að gefa þátttakendum ábendingar í upphafi svo að þeir átti sig á til hvers er ætlast. Leiðbeinandinn gæti tekið sjálfan sig sem dæmi eða skáldað upp einhverja persónu, svo sem: Olenu, hún er kona, úkraínsk, móðir, eiginkona, þjálfari, ferðalangur, tónlistarunnandi.

Allir þátttakendur fá sinn sérstaka lit svo að öllum finnist þeir vera einstakir, og til að hópurnir verði samsettur af sjálfsmýndum í öllum regnbogans litum. (Hugmyndin er fengin frá Suður-Afríku sem kölluð er „regnbogalandið“ því að þar býr fólk af öllum litarháttum.) Ef hópurnir eru stór og tveir eða fleiri þátttakendur þurfa að vera með sama litinn eiga þeir að nota mismunandi rithátt.



Hægt er að gera verkefnið ögn flóknara með því að biðja þátttakendur að teikna stjórn með mislögum geislum og gefa þannig til kynna að tiltekin atriði sjálfsmýndarinnar séu persónulegri en önnur. Lengri geislarnir ná lengra út í samfélagið og eru því almennara eðlis.

Sum eftirfarandi atriða gætu komið fram í lokaspjallinu (6. lið):

- Einkenni sem hægt er að velja: nafn, vinur, starf, stjórnmalaflokkur, uppáhaldstónlist, fatasmekkur, uppáhaldsfótbolti, heimkynni
- Einkenni sem eru meðfædd: kyn, aldur, hæð, augnlitur
- Sum einkenni kunna að valda ágreiningi, svo sem þjóðerni, kynhlutverk og kynhneigð, trúarbrögð, og það að tilheyra minnihlutahópi

Einnig kunna þátttakendur að vera ósammála um þróun sjálfsmýndarinnar; að hvað leyti hún mótast af félagslegum aðstæðum, og hvaða atriði eru meðfædd og óumbreytanleg, einkum í tengslum við trúarbrögð og kynhlutverk. Þeir ættu að velja fyrir sér eigin lífi og hvernig tiltekin atriði sjálfsmýndarinnar hafa breyst með tímanum, jafnvel atriði sem þeir hafa talið vera óumbreytanleg.

Leiðbeinandi getur að lokum dregið nokkrar ályktanir af umræðunum, til dæmis að við séum öll manneskjur með réttindi sem ekki er hægt að svipta okkur, hver sem við erum eða hver svo sem kynþáttur, litarháttur, eiginleikar, eignir eða staða okkar er.

## Tillögur um framhald

Þetta verkefni getur verið tilvalinn inngangur að alls kyns umræðum, svo sem um algildi mannréttinda, mismunur og útlendingahatur, réttindi barna og borgaravitund.

Vilji þátttakendur fjalla nánar um sjálfsmýnd og kynhlutverk er bent á verkefnið „Kvenhetjur og karlhetjur“ á bls. 145.

## Lykildagsetning

### 7. ágúst

Alþjóðlegur réttindadagur transgenderfólks